


Lifum við á „síðustu dögum“? (2. hluti)

Byggt á 9. kafla bókarinnar *Hvað kennir Biblían?* en hana má finna á jw.org/is

MARKMIÐ: Veltu fyrir þér hverju þú trúir og hvers vegna, og skoðaðu hvað Biblían kennir. Þá áttu auðveldara með að útskýra trú þína fyrir öðrum.



ER EITTHVAÐ JÁKVÆTT SAGT UM „SÍÐUSTU DAGA“ Í BIBLÍUNNI? – 2. Tímóteusarbréf 3:1.

1 VELTU FYRIR ÞÉR HVERJU ÞÚ TRÚIR

Hvers vegna ætli sumir segi nei?

Hvers vegna ætli sumir segi já?

Hvað heldur þú?

Hvers vegna heldurðu það?

Í Biblíunni er sagt fyrir um jákvæða atburðarás á síðustu dögum.

(Sjá 9. kafla bókarinnar *Hvað kennir Biblían?* gr. 12-14.)

Lestu Daníel 12:4.

Hvernig sýnir þetta vers að þekking fólks Guðs eykst á síðustu dögum?

Lestu Matteus 24:3, 14 og Opinberunarbókina 7:9.

Hvernig rætast þessi biblíuvers á boðun Votta Jehóva?



Þegar síðustu dagar eru á enda gerir Jehóva ýmislegt fyrir okkur sem menn geta ekki gert.

Ýmislegt jákvætt mun gerast þegar síðustu dagar eru á enda.

(Sjá 9. kafla bókarinnar *Hvað kennir Biblían?* gr. 15-18)

Lestu 2. Þessaloníkubréf 1:6-9 og Opinberunarbókina 21:3-5.

Hvers vegna munu nútíma vandamál heyra sögunni til eftir að síðustu dögum líkur?

Lestu Lúkas 21:34-36.

Hvernig er það okkur til góðs að halda vöku okkar nú á síðustu dögum?

Hvaða atriði sem lögð er áhersla á í námsbókinni finnst þér vera sérstaklega uppörvandi?



ÚTSKÝRÐU HVERJU ÞÚ TRÚIR

EF EINHVER SEGIR ...

Það endar með því að mennirnir gereyða jörðina.

GÆTIRÐU SAGT ...

Það er rétt að allt virðist stefna í þá átt. En ég trúi því að jörðinni verði ekki gereytt vegna þess að ...

Hvaða biblíuvers gætirðu sýnt?

Hvernig myndirðu útskýra versið með skoðun viðmælandans í huga?

EF EINHVER SEGIR ...

Ef framfarir verða áfram á sviði vísinda, tækni og læknávisinda tekst okkur að lokum að leysa vandamál heimsins.

GÆTIRÐU SAGT ...

Það er rétt að stórkostlegar framfarir hafa átt sér stað á þessum sviðum. En bráðum gerir Guð ýmislegt fyrir okkur sem menn geta *ekki* gert. Til dæmis ...

Hvaða biblíuvers gætirðu sýnt?

Hvernig myndirðu útskýra versið með skoðun viðmælandans í huga?
